

**86. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Stúkuhúsinu að Görðum,
9. júní 2020 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfssdóttir aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 2004224 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19 - Menningarmál

Forstöðumaður leggur fram umsóknir sem bárust í viðbótar stýrtarsjóð til menningarverkefna vegna viðspyrnu Akraneskaupstaðar við Covid-19 afleiðingum sem auglýst var þann 20. maí sl.

Við mat og afgreiðslu styrkja er lögð sérstök áhersla á að styðja við verkefni og viðburðahald sem eru til þess fallin að efla bæjarandann. Nefndin fjallaði um þær 13 styrkumsóknir sem bárust og úthlutaði styrkjum. Umsækjendum er þakkað fyrir áhugaverðar umsóknir. Forstöðumanni falið að svara umsækjendum skv. niðurstöðum fundarins.

2. 2001074 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2020

Forstöðumaður stýrir umræðum um viðburðahald ársins.

Forstöðumanni falið að uppfæra samning varðandi Jólagleði í Garðalundi í samræmi við umræður á fundinum.

3. 1912056 - Styrkir til íþróttá- og menningarverkefna - Ymur

Forstöðumaður leggur móttekna fyrirspurn fram til umræðu nefndarinnar.

Nefndin er hlynt því að umsækjandi nýti áður veittann styrk á árinu í annað verkefni en upphaflega var ætlað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Ólafur Páll Gunnarsson
Guðríður Sigurjónsdóttir
Guðmundur Claxton
Helga Kristín Björgólfssdóttir
Ella María Gunnarsdóttir